

# HEIMIR

---

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

5. blað.

## Hin heppilega afstaða Unitara.

ÚR FYRIRLESTRI EFTIR

**PROF. FRANCIS C. CHRISTIE.**

þýtt af G. Arnasyni.

„Af öllum villum eru spádómsvillurnar almennastar“, sagði George Eliot. Jafn áhættusöm, ef til vill, er tilraun manns að líta yfir sinn eigin tíma og virða fyrir sér stærð og þýðingu einhverrar hreifingar. Eg hefi verið beðinn um að tala um afstöðu hinna únitarisku trúarbragða á meðal hreifinga tímans, og þrátt fyrir öll vandkvæði á því að skilja til fulls allar hinar mörgu hreifingar og stefnur er það mál snerta, hefi eg tekið að mér að gera það. Ófullkominn skilningur er betri en enginn skilningur, og er spor í áttina til fullkomins skilnings. Eg er þess vegna fús á að leggja fram minn ófullkomna skilning á málefni því, sem að eins verður ljóst þegar menn geta litið til baka til nútímans, sem afmarkaðs tímabils í sögunni.

Það er öllum ljóst, að vonir vorar og hugsjónir eru stærri heldur en tala fylgjenda vorra. En þegar vér horfum til baka yfir söguna, þá höfum vér mikla ástæðu til að láta fylgjendafjöldann liggja oss í léttu rúmi. Þeir sem að mannkynið virðir mest og dýrkar í sögu síðfræðis og trúarbragða, hafa æfinlega verið í minni hluta á sínum tíma, og viðtæk rannsókn á mannlínu sýnir oss að framfarasporin hafa aldrei verið samtaka hreifing fjöldans, heldur einstaklingsins eða hinna fáu, sem hafa breytt út frá hinu vanalega. Á hvaða tíma sem er hafa hinir litt hugsandi og fastheldnu getað talið sig í meiri hlutanum. Hinir orþodoxu mótmælendur, sem benda á hvað vér

únitarar séum fáir, mundu hafa litla ánægju af útkomunni, ef þeir bæru sjálfa sig saman við Buddhatrúarmenn. Aðalatriðið er, að vera vissir um, að vér höfum sannleikann, og ef vér höfum þá trú, að mankynið muni að síðstu lara að fylgja sannleikanum, þá megum vér vera vissir um, að á síðari tímum verður litið á vorn smáa hóp með mikilli virðingu. Vinur minn einn, sem ekki er únitari, sagði einu sinni við mig, að únitarar væru brautryðjendur í trúarbrögðum. Og hver mundi ekki vilja vera brautryðjandi? Mér fanst liggja í orðum vinar míns öfundablandin löngun til að ryðja braut í andlegum skilningi. Híð merkilega er, að í andlegum esnum, svo sem listum, vísindum og trúarbrögðum eru það brautryðjandinn og flokkur hans að eins, sem mikils eru virtir á síðan, þegar litið er til baka, þá eru allir nema þeir skoðaðir sem eftirstöðvar eldri tíma, sem málsvavar gamalla skoðana. Hin nýja andlega hugsjón brautryðjandans er skoðuð sem tákna tímans og hin ráðandi stefna, vegna þess hún var ný hreifing á framfarabraut mankynsins, er afmarkaði sinn tíma frá hinu eldra.

Mr. Claude Phillips hefir nýlega sagt, að það sem mest hafi einkent nítjándu öldina hafi verið ný sannleiks hugsjón, dáð mikil í ótrauðri einlægni og óeigingjarnri sainhygð. Þetta létur líkt í eyrum og að hann væri að tala um trú únitara með sínu einlægu og ótrauðu afneitun allra fjörandi erfðakenninga og sína veglegu mannúð í síðferðismálum. Ef til vill getum vér þá hrósað oss af því að únitaratrúin, þrátt fyrir fáa fylgjendur, hafi verið stefna sú, er mest einkendi trúarlíf nítjándu aldarinnar. Það er því meiri ástæða til að vitna til þessa menningarfræðings, þar sem hann segir seinna að liðna öldin hafi verið eftirtektaverð fyrir manndómsdýrkun sína og óþreytandi tilraun til að finna í manninum, hversu bágborið sem ásigkomulag hans kann að hafa verið, ímynd hinnar hæstu tilveru. Þar vissulega höfum vér hina háfleygu hugmynd Channings um göfugleik manneðlisins. Þar vissulega höfum vér hina únitarisku afneitun gömlu kenningarinnar um gjörspilt eðli mannssálarinnar og algjört vonleysis ástand nema fyrir utan að komandi guðdómlega náð, sem framkvæmdi á sálunni hið svokallaða

„heilaga ofbeldi“.\*). Það er þannig samræmi á milli hinnar hæstu nútíðar hugskoðunar um mannlifið og trúarsetninga þeirra er einkenna nútíðar framfara-hreifingu vora í trúmálum. Eg segi trúarsetningu þeirra er einkenna, því að Ný-Englands frjálslyndisstefnan byrjaði ekki sem kenning um guðdómlega einingu, heldur sem manneðlis kenning. Hin einkennilega og óumbreytanlega grundvallarskoðun vor, er viðurkenning hinna hæstu andans hæfileika mannsins. Það er sú skoðun, sem hefir leyst oss frá hinni hrædilegu kenningu um guðlegt hatur til syndugra manna, eins og það var prédikað af Edwards\*\*) og fylgjendum hans. Það er sú skoðun, sem hefir gert oss fært að skilja og halda fram hinni háleitstu staðhæfingu hins sögulega Jesú um guðlegt faðerni allra manna. Það er sú skoðun, sem hefir leyst oss frá þróngum og hjátrúarfullum hugmyndum um ósjálfráðar opinberanir, er mannlegum vitsmunum væru ofvaxnar. Það er sú skoðun, sem hefir komið oss til að líta með samhygð og góðvild á öll trúarbrögð heimsins, hverju nafni sem þau nefnast. Það er sú skoðun, sem hefir gert oss fært að hafa trú í samræmi við menningarlega og félagslega framför, það er sú skoðun, sem hefir hjálpað oss til að líta á Jesú sem einn af hinum mestu andans mönnum mannkynsins, og auðgast af hans trúarlegu andagist og áhuga, án þess að gera hann að meira en manni. Aðalkenning vor um eðlisfar og hæfileika mannsandans heldur því fram, að hann sé svo skyldur því guðdómlega, að í hverjum góðum verknaði sé hann meðtakandi guðlegs lífs, svo skyldur guði, að í hugsjóninni, sem felst í samlíkingunni um guðs faðerni, sé opinberun þess guðs, sem oss hefir skapað. Frá þeirri kenningu held eg því fram, að alt annað, sem vér únitarar trúum, fylgi sem bein afleiðing. Það, sem að skilur oss frá hinum orþodoxu trúarbrögðum, er grundvallaratriði—það er spurningin um samband mannsandans við guð. Að vissu leyti má segja, að vér höldum því fram um alla menn, sem að eldri kyrkjurnar hafa tak-

\*.) „Holy violence“ var kallað afturhvarf án tilverknadár mannsins á meðal amerískra afturhvarfs prédikara.

\*\*) Jonathan Edwards nafnkendur afturhvarfs prédikari í Bandaríkjunum.

markað beinlínis við Jesús einan. Fyrir hann hafa þær haldið fram fullkomnum skyldleik og sambandi hins guðdómilega og hins mannlega, en þær hafa stjórnast svo mjög af efablöndnu vantrausti á manneðlinu, að þær hafa neitað því að menn gætu alment staðið í samskonar sambandi við guð og Jesús. Og jafnvel viðvígjandi honum var sama vantraustið ríkjandi, svo að manndómur hans var skoðadur sem algjörlega hvertandi í guðdómnum. Eg vil benda á að alstaðar á meðal mótmælenda í trúarbragðaheiminum fer nú fram söguleg gagnrýn endurskoðun á kenninga kerfunum, og að þessi atar þýðingarmikla sögulega rannsókn er að leiða í ljós þann sannleik, að Jesús var ekki gerður að guði vegar trúarlegra hužsjóna eða vísindalegrar grannskoðunar á eðli hans sjálfss, heldur vegna blandaðra sögulegra tilhneiginga. Kenningin um guðdóm hans hesir þar ekkiert óháð og varanlegt gildi, heldur að eins þýðingu, sem stendur í sambandi við sögulega viðburði, og sem hlýtur að hverfa um leið og kringumstædur þær, er hún hófst og hesir viðhaldist undir, hverfa. Trúarleg sannfæring getur ekki haldið áfram að grundvallast á því, sem er sögulega öðru háð og undir tilviljun komið, og trúarbrögð nútímans eru þess vegna farin að kannast við, að hið innra eðli kristindómsins felist ekki í hugmyndunum um náttúru Krists, sem svo lengi hesir verið gert að aðalatriðum í kristnum trúarbrögðum. Einu sinni gerði rómverska keisaraveldið sameiginlega afneitun þrenningarkenningarinnar að útlegðarsök; nú er alvanalegt á meðal mótmælenda, að kenning þessi sé annaðhvort varin með afsökunum, eða þá alls ekki á hana minnst. Eg skal nú fara yfir helztu atriðin í sögu þessarar kenningar.

Af sögunni er það ljóst, að í kringum árið 200 var skoðunin, sem nú er kölluð „orthodoxia“ að eins fárra manna skoðun. Látum oss takmarka athuganir vorar við Róm að eins. Þar keptu þjár skoðanir hver við aðra. Í fyrsta lagi var þar einlægur og vel upplýstur flokkur kristinna manna, sem blátt áfram skoðaði Jesús seni mann, sem hefði vald til að gera mikla hluti og kenna mikinn sannleik, sem væri gæddur sérstökum andlegum krafti frá guði. Heilagur andi var í þeirra augum

Ópersónulegur guðlegur kraftur, sem Jesús meðtók í skírninni, og áframhaldandi gjöf guðlegs máttar reisti hann frá dauðum. Saga Jesú var í þeirra augum saga góðs manns, sem var sérstaklega af guði studdur, og þeirra hugmynd var að hver trúauður maður meðtæki hið saman guðlega afl í skírninni og að lokum sömu upprisu. Jesús var að eins sá fyrsti af mörgum, en hann var skoðaður sem maður.

Eftir 190 voru þeir sem þessa skoðun höfðu ekki álitnir vel kristnir í Róm. Þeir voru gerðir rækir úr kyrkjunnar af hinnum rómverska byskupi. Fyrir hvaða ástæður? Fyrir ástæður, sem vér myndum nú kalla orþodoxar? Langt frá því. Tveir hinir næstu byskupar í Róm, Victor (189—190) og Zephyrinus (199—217) aðhyltust aðra skoðun, sem nefnd var „Modalismus“. Samkvæmt þeirri skoðun var Jesús umihugsunarlaust gerður að guði. Þjóð, sem var vön við að gera höfðingja sína að guðum og var vel kunnug heiðnum sögnum, um holdtekju guða, fann enga erfideika á því, heldur þvert á móti hafði sterkar hvatir þess að taka Jesús upp í guða tölu. Að eins til að bjarga eingydis trúnni í orði kveðnu gerðu þeir Jesús og guð að hinni sömu persónu. Faðir og sonur voru að eins nöfn á tveimur háttum eða framkomum guðdómsins. Jesús var guð í holdinu, niðurstiginn til jarðarinnar í mannsmynd. Mann-dómur Jesú var að eins hinn mannlegi líkami hans. Í tuttugu og átta ár aðhyltust hinir rómversku byskupar þessa í eðli sínu heiðnu skoðun, þó að hinn hópurinn, sem eg áður nefndi, hefði sína eigin kyrkjastofnun og byskup. Árið 217 varð Callistus byskup aðalflokkssins. Hann hafði aðhylst skoðun modalista, en hann mætti nýrri mótsprunu frá nokkrum, sem aðhyltust þriðju hugmyndina. Þessi þriðja hugmynd var fyrsti vísirinn til stefnu þeirrar, er síðar var kölluð orþodoxía. Það var skoðun þeirra manna, sem hugsuðu sér heiminn sem heimspekislega ráðgátu. Hvernig átti að útskýra fjölda takmarkaðra og skilyrðum bundnra hluta frá hinu eina takmarkalausa? Þessir menn réðu fram úr spurningunni með tilhjálpu hugmyndar er átti upptök sín í grískri heimsspeki og hafði þroskast hjá Alexandru-Gyðingunum, fráskilin hinni kristnu hreifingu og

jafnvel á undan henni. Það var hugmyndin, að frá hinni takmarkalausum óþeckjanlegu veru hefði útgengið hugsun er varð að orði, sem átti að vera annar persónuleiki guðdómsins, hinum undirgefinn. Þessi starsandi hugsun eða „logos“ (orð) hafði skapað heiminn og mennina. Þessir heimispekinslegu fylgjendur kristindómsins vildu stofna eingydistri, saunaða með opinberunum, og þeir héldu því fram, að hinn undirgesni „logos“ persónuleiki guðdómsins hefði fyllilega komið í ljós í Jesú. Að kalla Jesú Messísa Gyðinga hefði enga þýðingu í Róm eða Kartago, að kalla kenningu hans „logos“-kennningar gaf þeim sæti meðal hinna hæstu opinberana í hinum takmarkaða heimi, samkvæmt hugmyndinni um uppruna heimsins og stjórnu. Til að sætta þá, sem fylgdu þessari skoðun fast fram gaf Callistus byskup árið 217 nokkuð estir með varkárni. Hann notaði orðið „logos“ og notkun hans á því staðfesti þá hugmynd um Krist sem var styrkt af hinum hæstu vísindalegum og heimspekislegum hugmyndum um heiminn á meðal mentaðra kristinna manna. Frá þeim tíma voru hin miklu áhrif rómversku kyrkjunnar þessari „logos“-kenningu í vil, sem skoðuðu Jesúsem mannlega opinberun, eða holdgun, ekki guðs sjálfs, ekki hins takmarkalausa guðs, heldur hins annars og undirgefna persónuleika guðdómsins, sem var gert ráð fyrir að væri nauðsynlegur til að ráða fram úr gátunni um uppruna hins marga takmarkaða frá hinu eina takmarkalausa. Þessi „logos“-skoðun vann sigur um 270 yfir hinum eldri skoðunuum um Jesúsem mann með guðlegri aðstoð. Þá var byskup einn frá Antioch fordæmdur fyrir skoðun, sem kalla mætti únitariska skoðun, og heiðinn rómverskur keisari gaf þann úrskurð, að eignir kyrkjunnar í Antioch skyldu tilheyra þeim sem væru viðurkendir að vera kristnir af byskupinum í Róm. Estir það voru orð og talshættir „logos“-kennningarinnar settir inn í hinar einföldu skírnarjátningar kyrkjunnar og undirstaðan var lögð fyrir þroskun trúarsetninga þeirra, er komust á sitt hæsta stig á kyrkjupjönginu í Chalcedon 451, sem er hin rétta orpodoxía kristnu sögunnar. Það er engin þörf á að fara lengra út í sögu þessa, eða skýra frá breytingum þeim og leiðréttingu, sem gerðar voru. Það

nægir að benda á, að öll hin orþódoxa skoðun á Kristi og þrenningarhugmyndin, frá sjónarmiði þess sem söguna les, var hægfara vinningur einnar skoðunar yfir að minsta kosti tveimur Öðruum, og að sú skoðun, er ofan á varð, var í rauninni afleidning af vissri útskýringu á alheiminum, sem nú finnur engan vísindalegan eða heimspekislegan stuðning. Frá því fyrsta hefir frjálslynda trúin verið að eyðileggja þann sigur, því hinir frjálslyndu hafa æfinlega fært fram á móti honum hina mikil-íslenglegu heimsspeki nýttíðarinnar, sem leitast við að útskýra heiminn án þess að raska einingu guðdómsins. Hún finnur enga þörf á því að framsetja þessar tvær hugmyndir um guð yfir heiminum og guð í heiminum sem tvær persónur í guði. Enn fremur hefir frjálslynda trúin eyðilagt sigur gömlu heimspekkinnar með því að framsetja kenningar sínar með tilhjálpu trúarlegrar sálarfræði, en ekki frumspekislegum heilabrotum um alheiminn. Trúarleg sálarfræði fæst að eins við hið leyndardómsfulla samband manna við guð og hjálpa þá, sem það veitir í gegnum dýrkun og tilbeïðslu, sein er algjörlega frábrugðin yfirskilvitlegum hugmyndum, og á þess vegna sem trú ekkert skylt við heimsspeki þá er eðli Kristi var ákvæðið með. Frjálslynda trúin kemst að réttari niðurstöðu í gegnum samanburðar yfirlit yfir önnur trúarbrögð utan kristindómsins, og í gegnum slískan samanburð sér hún réttilega hin stórkostlegu og dýrmætu áhrif Jesú. Í gegnum söguna sér hún þann, sem vegna þess að hauð eliskaði réttlæti og hataði ranglæti, hafði sannari frið og fögnud heldur en allir hans samtíðismenn, þann sem sýndi hið síðferðislega persónugildimannins í hverri þraut og gaf lífinu þýðingu og háar hvatir, þýðingu hins fullkomnasta mannlífs og hvöt til kærleikans og hins góða.

Þessi sögulega rannsókn á kristskenningunni, sem var tekin upp snemma og hefir lifað lengi sem arfleifð og sögusögn, hefir leitt í ljós hvað ófrumleg kennung sú er og hversu skamt í rauninni hún nær. Rannsókn þessi er yfir höfuð að tala starf manna, sem ekki eru taldir að tilheyra oss únitörum. Hún er starf frædimanna á Þjóðverjalandi, Frakklandi og Hollandi, er blátt áfram eru frjálslyndir meðlimir kyrkna, er ekki hafa sem

kyrkjur tekið upp afstöðu únitara, starf þeirra er miklu fremur óháð staðfesting únitaratrúarinnar, heldur en yfirlýsing hennar sjálfrar. Undir leiðsögu svo frábærra fræðimanna eru mótmælanda trúarbrögðin yfir höfuð í óvissri og breytingarhættri afstöðu. Spurningin er: Hvaða afstaða verður tekin þegar að „logos“-erfðakenningin verður lögð niður? Verður það gamla „Modalista“-skoðunin, sem neitaði manndómi Jesú að holdtekjunni einni undantekinni? Það væri að skilja manninn enn þá meira frá guði, heldur en ortodoxian nokkru sinni gerði, og samt sem áður er þessi afstaða hálf-ógreinilega tekin af slíkum mönnum, sem Lyman Abbott. En svo lengi sem trú er til, mun hún æfinlega hafa tilhneigingu í áttina til sinnar fyrstu myndar. Vér megum vera vissir um, að eftir því sem menn komast lengra í því að leggja hreinskilmislega niður hinum fjötrandi hugnyndir, sem voru lagðar á hinn upphaflega einfaldleik kristindómsins, þá mun hann hverfa aftur til þess, sem var trú Jesú og hinna fyrstu fylgjenda hans frá Galilea, og það var hin únitariska trú. Að vísu var sú trú framsett í þeirri mynd, sem átti við þann tíma hjá austrænni þjóð, en framsetning breytist hæglega. Að vísu var hún sniðin til að mæta öðrum sögnlegum kringumstæðum, en grundvallarkenning hennar helzt óbreytt. Það var únitarisk trú í skoðun sinni á mannum, hún var únitarisk í útskýringu sinni á eðli guðs samkvæmt mannsins hæstu hugsjón um sitt eigið eðli; hún var únitarisk í staðhæfingu sinni um einingu guðs og framsetningu þeirrar skoðunar, hún var einnig únitarisk í áhuga sínum fyrir mannlegri velferð og bróðurkærleik í lífsframferði manna, með hinni frelsandi hugsjón um samfélag góðra og kærleksfullra barna þess föður, sem er kærleikur.

Tilgangur minn er að sýna fram á, að Unitarar hafa tekið þá afstöðu í trúmálum, sem hefir reynst að vera happasæl fyrir brautryðendur, afstöðu, þar sem þeir geta séð leiðtoga hinna færast í áttina til sín. Hvar sem að kyrkjur únitara eru verulega þektar og hafa sýnt út á við einlægni sína í trúmálum framfylgi sannarlegs frjálsræðis og hreinskilni þá, sem er nauðsynleg fyrir öll trúarbrögð, hafa þær áunnið sér æ betur og bet-

ur hylli og samhug hinna hugsandi manna. Vér óskum eðli-  
lega eftir því, að trú vor útbreiðist viða, og vér erum ekki að  
ástaðulausu ópolinmóðir yfir afturhaldi því, sem kemur í veg  
fyrir að margir skilja við hið gamla og úrelta, sem hefir mist  
gildi sitt, og finna fult frelsi fyrir sjálfa sig í vorri trú. Þegar  
eg hugsa um hvernig trú vor geti náð fljótri og mikilli út-  
breiðslu, sem hin viðurkenda sanna mynd hins upplýsta krist-  
indóms, þá dettur mér æfinlega í hug þrjár aðferðir, Fyrsta  
aðferðin snertir oss alla, önnur snertir nokkra af oss og hin  
þriðja er máske ekki á valdi neinna.

Fyrsta aðferðin til að útbreiða trú vora á meðal allra  
manna er að vér finnum í henni fullnægingu trúarþarfa vorra.  
Fyrsta tilhneicing vor, þegar vér brjótum oss lausa frá ein-  
hverri rangri trú, er að eins að sýna fram á villurnar í staðhæf-  
ingum þeirrar trúar og þannig að ná vitsmunalegum sigri yfir  
henni. En vér verðum að sýna að hin nýja trúarstefna vor  
hafi eins góða, ef ekki betri, hjálp til reiðu fyrir syndir, ógæfu  
og sorgir mannanna, og gamla trúin sein vér yfirlágum. Ef eg  
ekki findi að trú vor unitara virkilega fullnægir þessum sálar-  
þörfum, þá mundi eg álíta hana mjög ófullkomna trú. En  
mér hefir ekki reynst hún ófullkomin. Lækning allra mann-  
legra sorga og meina er guð, og með því að gerast unitari öðl-  
aðist eg þá fullvissu, að míni mannlega tilvera stæði í lifandi  
sambandi við guð. Að hann hefði ótakmarkaðan kærleik og  
mátt til þess að láta sína eigin gjöf í mínum mannlegu hæfileik-  
um verða að fullum notum. Eg fékk þá vissu að hann, sem  
talaði til míni í gegnum mínar eigin hugsjónir, sem veitti mér  
hvatningu og uppörfun með þeim, gat fullnægt öllum mínum  
þörfum, með ótakmörkuðum kærleik og samhug, og hin stöð-  
uga óendenlega umhyggja var mér fagnaðarefní í blíðu og stríðu  
Eg er sannfærður um, að vér allir finnum slíka fullvissu og eg  
held því fram að vér ættum að birta þessa trúarvissu öðrum  
með einlægum áhuga, svo enginn hafi ástæðu til að halda, að  
trúarbrögð vor séu að eins hæli fyrir þá, sem efast án hinnar  
andlegu huggunar og trausts, sem í öðrum trúarbrögðum sé að  
finna. Og þegar vér útbreiðum þessa kosti trúar vorrar, þá

störfum vér að því að hún verði lifandi af til á meðal andlegar hreifinga nútímans.

Í öðru lagi vil eg mæla fram með meiri ábyrgðar tilfinningu gagnvart guðfræðis þekkingu. Vér ættum að álita það skyldu vora, að halda fram með nægum lærðomi og nákvæmri gagnrýni, vísindalegri rannsókn í trúarbrögðum, sem að losi oss úr dróma gamalla venja, tilfinninga og skoðana, hin eiginlegu og þroskavænlegu grundvallaratriði framþróunarinnar í trú vorri. Það ætti að vera einkaréttur vor að ganga á undan með nýjar skoðanir og nýjar hugmyndir um gildi gamalla skoðana í ljósi nýrra upplýsinga. Það væri að leysa af hendi þá stærstu skyldu gagnvart meðbræðrum vorum, því þó að menn séu fastheldnir við gamlar trúarsannferingar, þá verða þeir að koniast að nýjuin sannferingum með fullgildum sannfærandi rökum, sem séu samþóðin að öllu leyti hinni varkáru og íhaldssömu rannsóknaraðferð þeirra sjálfra. Það er skylda vor gagnvart þeim því vér viljum ekki frelsast einir; vér þráum eins mikil og aðrir andlegt samneyti manna. Stefna vor miðar að þeim sannleik, sem réttlætir sig sjálfur í augum allra manna. Að eins með því að vanda vitsmunalega og lærðómslega þetta starf, ummyndun hinnar almennu erfðatrúar, getum vér umflúið forlög annara smærri trúarbragða, þau forlög, að standa langt í burtu frá fjöldanum og hrópa þaðan nokkur „Shibboleths“ án nægilegra sannfærandi útskýringa.

Í þriðja og síðusta lagi vil eg benda á kringumstæður þær, sem eftirleiðis geta hjálpað til að útbreiða únitaratrúna, en sem varla eru á voru valdi. Þegar vér lítum yfir trúarbrögð gömlu landanna, þá virðist ekki frambald hinna eldri kenningu vera að þakka neinni almennri sannferingu. Vér verðum að munा, að á Þjóðverjalandi og Englandi eru þjóðkyrkjur, og að stjórn þessara landa er í höndum hinna afturhaldssömu. Afturhald í þjóðmálum, er stendur á móti öllum breytingum í þjóðféluginu yfir höfuð að tala, er stoð og stytta hinnar gömlu orþodoxíu, er varla gæti viðhaldist í félagslífini án þess. Gætum vér sér fram á að í framtíðinni mundi stjórn þessara landa breytast þannig, að því fylgdi aðskilnaður ríkis og kyrku, er eg sann-

færður um, að á meðal hinna mörgu trúarbragða hreifinga, sem af því leiddi, mundi stofnun ákveðinnar frjálslyndrar trúarstefnu, sem vér gætum gengið í félag með, og sem mundi laus við alt ytra ófrelsi, verða hreinlega og ótvíraðilega oss fylgjandi í hugsun og framsetningu. Það er að eins hvötin til stjórnarlegrar einingar, sem bindur saman hina afturhaldssömu og frjálslyndu í eina trúarbragðastofnun, og hvenær sem sú ástæða er burtnumin, munu menn vissulega fylgja skoðun sinni og verða samferða að eins eftir því, sem hún leyfir. Þessi hefir raunin orðið á hér í landi, þar sem kyrkjan hefir skiftst niður í marga trúflokka. Eg vil halda, að alt hið undirokaða frjálslyndi í tveimur hinum helztu mótmælenda löndum Evrópu mundi koma fram í flokki hinna bezt upplýstu og áhrifamestu í félagslífini.

Þetta, mun einhver segja, tilheyrir ekki vorum tíma, heldur framtíðinni. Það er satt, en viðvíkjandi því sem öllu öðru höfum vér skyldur, sem tilheyra nútíðinni. Það er skylda vor að verða sem víðast þektir og að hjálpa til að sameina í náið samband allar frjálslyndis hreifingar, sem nú hafa þrek til að standa á móti ónáð valds og tízku. Vér höfum nú þegar byrjað á því, vér höfum stigið út úr einangrunar ástandi voru og erum að koma á fót sambandi á milli allra frjálstrúaðra manna, hvar í heiminum sem þeir eru. Árið 1900 á ársfundi hins amérska unitarafélags í Boston var mynduð miiliþjóðanefnd unitara og annara frjálstrúarmanna til að sjá um slika sameiningu. Síðan hafa fundir verið haldnir, þar sem menn hafa mætt frá flestum löndum Evrópu, Ameríku og víðar, til að ræða saman trúmál. Hver veit nema að slík persónuleg viðskynning manna, er í sameiningu aðhyllast hinum sömu síðfræðis og trúarskoðanir geti haft mikil áhrif. Vissulega eru þeir hið mesta fagnaðar-efni fyrir oss, þeir sýna öllum, að vér úntarar hér erum ekki einskorðaðir við þetta land, heldur að skoðun vor og trú er það sem að skynsamlega hugsandi menn allra landa leita að í trú-málum, að þau eru móttækileg öllum mönnum og eru því bezta og göfugasta í manneðlinu sjálfu svo sainkvæm, að þau ná út fyrir öll takmörk þjóðernis og tungumála.

# Hin nýja trú.

EFTIR  
STEFÁN SIGFÚSSON.

Vér fáum eigi betur séð en mál sé til kónið, að býndum vorum alment verði gert ljóst hvað meint er með þessari hinni „nýju trú”, þar sem um hana er allmikið að finna í hinum ýmsu tímaritum hins mentaða heims. Það er ekki til neins þó að gamlir guðfræðingar og eftirlegu klerkar bristi sig og gretti framan í fólkis, þegar þetta og þessu líkt er nefnt; gremjuskjálftinn er máttlaus og grettturnar bara til aðhláturs. En það skal þegar hér fraintekið að útlistun þessarar svonefndu nýju trúar er ekkert voðaspil, og það mun hver verða óskeindur af að heyra hana, hvaða flokki sem hann tilheyrir, því þessi nýja trú er barn og föstur vínsinda hins mentaða heims, sem hverjum örbrjáluðum manni ber að elска og virða og reyna að kynnstast eftir megni.

Það hafa nýlega verið uppi hjá ýmsum guðfræðingum, einkum þó orþodoxu kyrkjunnar, þær skoðanir og staðhæfingar, að tímarnir væru nú að breytast, sem sé i þá átt, að efasemi væri þverrandi, en trú vaxandi í hinum mentaða heimi, og vér ætlum að þessi skoðun þeirra hafi við nokkuð rétt að styðjast og sé yfirleitt sönn. En þess er þegar að gæta, sem vér eigi viljum dvelja með að taka fram, að það er ekki hin svonefnda orþodoxa trú, sem hér er meint; það er fjarri því, og því er vist mörgum þeim klerkum, sem frá þessu eru að skýra, fögnumburinn blandinn, þótt litð sé látið á bera. Það er ekki hið minsta af almennu afturhvarfi á þessum tímum frá efanum til gömlu kyrkjutrúarinnar, heldur þá einmitt til hinnar nýju trúar, hverrar morgunroði er nú að dreifast um himin hins mentaða heims. Í þessu sambandi er ei ógaman að minnast þess bragðs eða heldur ósiðar, að blanda þetta litla er vorit orþodoxu kunningjar neyta með tveim þrem blutum, sem eru sín á milli eins fjarlægir eins og fjöllin eru frá sjónum. Fjöldi þeirra blandar eins og kunnugt er trú á bók, og líklega orþ-

doxri skýringu á þeirri bók, við trú á heimanna guð, en það er sannarlega sitt hvað, að hafa háleitt staðfast traust á skapandi og starsandi vilja alheimsins, eða hitt, að trúá eða festa traust á skýringar einhvers og einhvers á lögum alheimsins og störfum þeirra. Vér þurfum eigi að draga í efa, að það hefir nú um langa hríð átt sér stað stöðug framþróun innan vísindalegrar hugsunar í áttina til andnesks skilnings á alheiminum. Það hefir verið gerð umfangsrík spurning fyrir nokkuð löngu til vísindamanna í Ameríku, þess innihalds, hvort frá þeirra skoðun að vísindin höfnuðu eða neituðu ódaudleik sílarinnar. Og mikill meiri hluti þeirra svaraði á þá leið, að vísindin hefðu eigi neitt við slíkar spurningar að gera. Vér erum vissir um að saman spurningin lögð fram nú nundi fá ólik svör. Varla nokkur einn almennilegur vísindamaður hins nýja heims eða Englands nundi gefa sig út sem „Agnostic“. Hinir svonefndu rétttrúuðu flytja ýmsar sögur um það, að þessi eða hinn vísindamaðurinn hafi mist hverja einstu grein af trú sinni og jafnvel trú á tilveru guðs, en svo hafi tímar lítið og þá hafi þeir verið allveg snúnir orðnir og kastað sér í faðm kyrkjunnar. Þessi dæmi eru sannarlega fá, þó þau séu annars vissulega til. En það er eftir að vita í hverju svona lögudu falli hvað til þessa dró ástæðurnar. Svo í annan stað, hvað þessi dæmi nema til eða jafngilda. Það getur orðið erfitt ummerkingar, og á meðan er það lítið upplýst. Það er engin minsta sönnun fyrir því, að þessi eða hinn tæki í skjótri svipan þau hin gömlu trúarbrögð, er hann hafnaði. Það er gild ástæða til að trúá að þeir hafi gefið upp „agnosticismus“ þann, sem hafði verið ráðandi hjá þeim, en svo líka lítið eða ekkert meira. Hinn svonefndi „agnosticismus“, trúar-óvitund eða vitneskjuleysi, hefir núorðið sárfáa áhangendur, bara af þeirri einföldu ástæðu, að hann var aldrei annað en hálfleiðisför á veginum til nýju trúarinnar og hins æðra skilnings á alheiminum. Menn segja: Darwin dó „Agnostic“, sem vitneskjuleysingi í tilliti til hinnar miklu spurningar guðfræðinnar og í tilliti til trúarbragðanna. En var það eigi svo beinlínis af því að hann hafði, sem maður segir, báðar hendur fullar í mökunum eða viðskiftum við und-

irbúningsspurningar hinnar nýju trúar. Hann hafði hvorki tíma né krafsta til að reka hið mikla verk sitt fyllilega í gegn, og þá er auðskilið að hann hafði þetta hvorugt heldur til að ryðja sjálsum sér veg fullkominn frá binni eldri hyggju eða hugmynd um guð til þeirra er nú um stundir ráða yfir hugsun manns. Hinn gáfaði vísindameistari, professor Haeckel er nú efstur á blaði sem elans postuli, að þeir flestir segja, en þeir játa líka að hann sé enn eigi til trúar snúinn, en þeim ferst mjög svipað við hann nú sem Darwin fyr. Þeir naga hann og narta, kveða hann kvarta sér eða barma yfir vöntun hjálparmeðala eða samanagagna, vöntun þess, sem uppi heldur. En hafa þeir rétt fyrir sér? Höfðu þeir rétt fyrir sér um Darwin? Nei, það er fullsannað. Hafa þeir þá rétt fyrir sér um jafnoka hans, þó í nokkuð öðru „fagi“ sé meistarann Haeckel? Vér efumst um það, það er eins og þeir viti ekki eða láttist ei vita að á meðan Haeckel gjörneitaði flestum kenningum hinna ákveðnu trúarjátningu, hefir hann ávalt haldið fast fram kenninguini um óáðskiljanilegan guðdóm og lisandi alheim. En oss varðar hér eigi svo mjög um þessar stælur og hin ýmsu ranghermi. Það sem oss varðar mestu er hið mikla atriði að vísindin eru það, sem leiðina vísa, eru leiðtoginn tryggi, eigi afturábak til gamallar trúar, heldur framávið til ædri og nýrri trúar, og þessa trú ber skarplega að greina frá trúgirni eða ímyndunum. Það er trú grundvölluð á vísindum og vísindaleguin skýringum, röksemdaleiðslum og sönnunum. Enginn maður fær heldur henni viðvíkjandi sagt að hún sé afturkippur til yfirnáttúlegrar trúar (supernaturalisme) kraftaverka spádomssagna, eða til trúar á þrenninguna, eða hinar almennu kenningar um hina síðustu hluti, dauða, dómsdag og annað líf. Hin nýja trú fæst aðallega við þessa jörð og hennar margbrotnu og undursamlegu hluti, og svo með það, að gera rétt, hegða sér rétt í henni. Hún staðhæfir og fullyrðir með trausti, það vita-skuld grundvallað á öllum staðhöfnum, er nýtízkuvísindin eiga í sínum fórum, að alheimurinn (universe) er eigi efneskjulegur, efneskjulegar eingöngu, án sálar, heldur er verulega andneskjulegar, með sál (spiritual). Lífið og dauðinn ekki er

hugsad sér og meðtekið að vera hið frumneska (primal) hið fyrsta þá. Það er svo fjarri því að vísindamennirnir í hinum nörgu fyrilestrum sínum, í hinum mentuðu löndum, kasti nokkrum skugga á hið skapandi afl í alheiminum, eða að þeir nokkurn tíma segi að vísindi sín hreki eða ósanni það, eða kasti nokkrum sínum minsta esa á það, jafnvel í hverjum hlut að þeir miklu fremur fullyrða, að vísindin opni fyrir þeim og sýni þeim þetta skapandi afl og vitsmunaleika (intelligence). Vér gætum, ef þörf gerdist, nefnt nokkra slíka vísindaskörunga, þar á meðal efnafraðinginn Liebiz, og þetta kennir oss, að í öllu falli meginhugsun allra þessara vísindaskörunga, heldur uppi hinni andnesku (spiritual) skoðun á alheiminum. Einn segir: „Alheimurinn er hús guðs, þessi veröld vor er eigi hinn eini bústaður lífandi vera, eða lífernис yfirleitt. Í húsi guðs eru mörg herbergi. Danðinn kastar að eins til hlíðar dyratjöldum og blæjunum, er skilja eina vistarveruna frá annari“. Þetta eru í sannleika hugðleg orð. Það er ánægjulegt samkomulag, að komast á fót á meðal allra vitsmunalega velbúinna sálna á þessum almenna grundvelli hinnar nýju trúar.

Það á sér eigi stað nú, ef það nokkurn tíma á síðari tím hefir verið bar ítta á milli þekkingar og vísinda, og trúarbragða eða trúar. Vér meinum vitaskuld þessa hina æðri nýtízku trú, hin fornhefðaða gamla kemur varla hér til greina, þvert á móti hinn verulegi svipur og drættir allir hinnar nýju trúar eru vísindalegir og á vísindum byggðir. Innihaldið er í sínum stóru dráttum, föðurleiki guðs, barnsdæmi manna, síðserðislegur ábyrgðleiki, manndómsleiki eða aðalseigin, sem tilgangur og takmark reynslunnar, með örðum ordum, sann-manndómsleg framför og fullkomnum sem takmarkið. Hinrar vísindalegu uppfundningar og götvanir hafa steypt fótum undan trúgirninni og hinni taumlitlu ímyndunarsemi. Þessi trú er yfirheimshyggjuleg um sama leyti og hún skapar trú á náttúrunni. Hún hefir breytt trú manna á veru og aðalseigin guðs, sem er kenning, sem er svo sem lagður hyrningarsteinn fyrir alla mannlega hyggju og hugsun. Hún hefir í stað fornrar innsiglaðrar opinberunar, opnað nýja síframhaldandi opinberun, og í stað guð-

dóms falinn bak við blæjur og tjöld alheimsins hefir. hún gefið oss þann, sem er sífelt nálægur. Hér er trú, sem er ómaksins verð. Þekking helir ekkert út á hana að setja, enga ástæðu til að setja sig í gagnstæði við hana. Hér er efni í varandi framþróandi trúarjátningu og sístækkandi trú. Hún dregur enga blæju á milli guðs og mannsins. Og að þessari þýðing og útlistun gerðri, erum vér í færum til að taka upp þá staðhæfingu, að það er rekstefna frá efseimð til trúar, til trúar, sem er björt sem vormorguninn og eins hlý og miðdegissólin.



## Söngur valsins.

EFTIR

**MAXIM GORKI.**

Viðáttumikil bárubreiða fallandi letilega á fjöruborðið, og langt í burtu, lengra út, hið mikla úthaf hreifingarlaust í stálbláum tunglsskinsslæðum. Hið silfraða mjúkiðandi yfirborð þess sameinast suðræna diminbláa loftinu og endurspeglar hinar ar staðkyrru dúnleitту skýjamyndir þess ásamt hinum glitofna fingerða stjörnurósagrunni. Himininn virðist líta og hneigja sig æ betur og betur ofan að hafinu eins og hann væri að reyna að skilja merkingu hins sífelda suðandi niðs svefnværu en síkviku bárumergðarinnar á leið til lands. Fjöllin eru klædd skógi sködduðum í norðaustanveðrum, þau teygja hnardeista hnjkana upp í ómælanlegan himinblámann og hin stórkorna hrufóttu lögum þeirra er fegruð og mýkt af hinum hlýja laðandi andblæ suðrænnar nætur. Alvarleg, þögul og þungbúin standa fjöllin, kastandi dökkuum skuggum á sefgrænan sjóinn, eins og þau vilji stöðva með hinum kyrláta þunga sínum hina sífeldu hreifingu hans og þagga óendanlegt öldugjálfrið, hið eina hljóð, sem rýfur hina dularfullu þögn og sameinast silfurtærum ljós-

öldum tunglsins, sem enn þi hefir ekki birzt oss yfir fjalshnjúkan.

„A—Akh—Akhar!“ andvarpar Nadir Raghima Oggli gammall cabon úr Krínstríðinu; hír, hvíthærður, sólbrendur og skynsamur karl.

Við liggjum bíðir endilangir í fjörunni undir stórum hnöllungssteini, sem hefir einhverntíma klofnað út úr aðalbjarginu fyrir ofan.—Einstæðum steini þöktum grænum mosakendum slímtægjum; á þá hliðina, sem að hafju veit, hafa öldurnar kastað leir og þangi og steinninn með hangandi þang og slímtægjukögrið sýnist raunalega fjötraður ofan í sandinn og mölina, sem myndast hefir á milli bjargs og sævar. Logi eldsins, sem við höfum kveikt, kistir birtu á þá hliðina, er að bjarginu veit; loginn blaktir og skuggarnir danza á stóra steininum, á hrufófta yfirborðinu hans, og gefa honum útlit sem væri hann næstum lifandi, skynjandi vera.

Raghima og eg erum að sjóða einskonar súpu af fiski, sem við höfum ný veitt. Og við erum bíðir í því einkennilega hugarástandi þegar manni virðist alt gagntekið af andlegu lífi, og alt vera svo ljóst og gegnuinsjánlegt fyrir skilninginn, þegar hjartað er mykt og manns eina löngun er að hugsa og dreyma.

Serian fað nüt fjöruna, og bíturnar skvaldra í bænarróm líkt og þær væru að þrábiðja leyfis að mega nálgast eldinn og njóta ylsins, við ó; við hreyfist heiti ó; dýrfuri rödd í þessu sancteni, þið era tilfirlit hinni einstökum stærri bára, er voga sér nær okkur.

Raghima styðst fram á olnbogana, hvílir höfuðið í lófunum og bringuna á sandinum og rýnir hugsandi út í bláinn, út í fjarlægan bláinn. Háu ullarhúfunni er ýtt aftur á hnakkann og hressandi hafgolan leikur um hið breiða, hrukkótta enni hans. Hann talar upphátt án þess að veita því eftirtekt hvort eg hlusti á sig, og hann virðist helzt ávarpa hafið.

„Sá maður, sem er guði sínum trú, fer til Paradísar.—Og sá, sem ekki þjónar guði og spámanninum? — máske hann sé nú í þessum froðuröstum? — Eða máske hann sé þessi glitrandi blettur úti á oldunum.—Hver getur sagt um það?“

Hið mikla, volduga viðáttumikla haf fangar ljósgeislana. Tunglsskinsflekkirnir gera yfirborð þess hér og hvar lítförött. Tunglið sjálft gögist nú uppylir hrjóstrugu sjallahnjúkana og veitir straumum sínum yfir hafið, sem svarar þeirri fagnaðarkveðju með andvörpum. Svo streymir hið föla ljós þess yfir fjöruna, steininn og blettinn, þar sem við liggjum.

„Raghima, segðu mér æfintýri“, segi eg við öldunginn.

„Hvers vegna?“ spyr Rahima án þess að líta við.

„Eg veit ekki hvers vegna, en eg hefi gaman að æfin-týrum“.

„Eg hefi sagt þér öll, sem eg kann, eg hefi ekki fleiri“.

Eg skil það á talsmíta hans, að hann vill að eg biðji sig aftur, og svo endurtek eg bæn mína.

„Ef þú vilt skal eg fara með söngljóð“, segir Raghima.

Eg hefi unni af gömlum söngljóðum, og hann flytur eitt slíkt fyrir mig í lágstendum lesararóm, og reynir að láta himm einkennilega fallanda háttarins heyrast sem bezt.

„Hátt upp í hlíðum fjallsins skreið naðra og hringaði sig inst inn í gljúfraskúta, og starði þaðan út á hafið.

Hátt upp í himingeiminum skein sólin og sjöllin endur-sendu hlýindakveðju hennar út í loftið, en nedst niðri skuln bárurnar á björgunum.

Frá instu fylgsnum gljúfursins beljaði vatnsfall um myrk-ann farveg út til sjávar og bar með sér björg og hnöllunga. Hvítt, hamramt og freyðandi hrauð það sér braut ofan bratta hlíðina og æddi með ógnandi dírunum til móts við hafið.

Alt í einu fél valur með særða bringu óg blóðstoknar fjaðr-ir ofan í gljúfrið, þar sem naðran hringaði sig.

Óttaslegin af þessum atburði skreið naðran í burtu, en inn an skams skildist henni, að fuglinn ætti skamt eftir ólifað.

Pá skreið hún aftur til særða valsins, horfði á hann beint á milli augnanna og hvæsti spyrjandi: „Þú ert þá að deyja?“

„Já, eg er að deyja“, svaraði valurinn og stundi þungan.

„Eg hefi lífað dýrðlegu lífi; eg þekki hamingjuna; eg hefi bar-ist djarflega; eg hefi séð og kannað loftið. Þú munt aldrei sjá það eins og eg, veslings skriðkvíkindi“.

„En hvað er loftið? Ekkert nema tómt rúm. Hvernjætti eg að hafast þar við? Hér líður mér vel, hér eru hlýindi og raki“.

Pannig mælti naðran við hinn frjálsborna fugl, og hló í hjarta sínu að draumum hans. Og hún hugsaði með sjálfrí sér. Líf vort endar á einn veg, hvort sem við fljúgum eða skrifum, alt fellur til jarðar, alt verður að dufti.

En alt í einu bráði af valnum. Hann hrísti vængina reisti höfuðið og horfði einu sinni enn í kringum sig. Vatn draup af gráu grjótinu, og loftið var fult af kæfandi raka.

Valurinn neytti sinna síðustu krafta og hrópaði af gremju og kvöllum: „Ó, að eg gæti lyft mér upp í loftið að eins einu sinni enn. Eg skyldi grípa óvin minn; eg skyldi nísta hann að brjósti mínu, og eg skyldi kæfa hann í blóði mínu. Ó, dýrðlega strið!“

Og naðran fór að hugsa að lífið upp í loftinu hlyti að vera mjög skemtilegt, ef dæma matti eftir löngun þessa fugls.

Og hún sagði við valinn frjálsborna: „Skríddu fram á brúnina þarna og kastaðu þér fram af, másker þú náir þá vængjatökunum og að þeir geti borið þig einusinni enn, svo þú fáir að lisa í þínu eðlilega heimkynni“.

Valurinn titraði og flögraði með skerandi veini yfir sleipa Steinana fram á brúnina, sem naðran benti á.

Hann komst fram á brúnina, breiddi út vængina, andaði djúpt og leit upp tindrandi augum; svo féll hann fram af; eins og steinn kastaðist hann klöpp af klöpp, braut bein sín og dreifði sjöðrunum.

Skvettur hins fossandi flaums gripu hann og þvoðu af honum blóðið, vöfðu hann í froðnvoðir og báru hann hratt til hafssins. Öldur hafssins buldu á björgunum og drundu einskonar útfararlag. Og líkami valsins hvarf og týndist í hinu ómælanlega hafi.

Naðran lá og hugsaði stundarkorn um dauða valsins, og hina undarlegu loftþrá hans. Svo leit hún upp í hið bláa himinhvolf, sem altaf töfrar danðlegt auga með dýrðarsýn sinni.

„Og hvað getur þessi látni valur hafa séð í þessu gagnsæa

takmarkalausa rúmi? Því vekja slíkar verur jafnvel eftir dauðann óróa-löngun í brjóstum vorum til að ferðast á flugi í bláleitum ljósvakanum? Hvað sjá þær þar? Eg gæti vitað alt, sem þær vita, ef eg væri fær um að fljúga örstutta stund.

Þannig hugsaði naðran, og innan skams breytti hún hugrenningum sínum í athafnir. Hún hringaði sig og kastaði sér fram og upp á við af öllum mætti, og glitraði snögvgast í sólskininu eins og silkiborði. En þar sem hún var fædd að eins til að skríða á jörðunni, var henni ómögulegt að fljúga, svo hún fíll niður á steinana, en slapp þó án meiðsla.

Þá hvæsti hún með fyrirlitningu:

Þetta er þá eftir alt saman öll unaðsemdin, sem fluginu fylgir, að eins fallið, og ekkert nema fallið.

„Hvíliskur bjálfi þessi valur hlýtur að hafa verið. Hann vissi ekki hvað góð jörðin er í raun og veru og þreyttist svo á henni eftir nokkurn tíma. Að líða í loftinu er svo hið eina, sem hann unir við, hin eina þrá hans er að leita lífsins í ljósvakanum. Það er ekkert þar uppi, að vísu gnægð af ljósi, en engin fæða og ekkert til að viðhalda lifandi líkama. Því þá þetta dramb? Því þessar átölur? Er það að eins til að dylja brjálædi langana hans og hæfileikaskorts á að taka þátt í og framkvæma hin virkilegu störf lífsins. Hvíliskur bjálfi! En eg verð ekki gint framar með öðru eíns rugli. Eg hefi nú séð í gegnum það altsaman. Eg hefi flogið í ljósvakanum. Eg hefi kannað hann og nú veit eg hvað það er að falla, því eg hefi fallið og er samit ómeidd. Héðan af hefi eg öruggari trú á sjáltri mér heldur en áður. Látum þá, sem ekki eru hæfir til að lifa á jörðinni halda áfrain þessari villu, þessari blekkingu. Eg veit hið sanna og trúi þeim ei framar. Jörðin er hið eina sanna, og eina virkilega, og eg lifi á jörðunni.“

Og hún hringaði sig á sleipum Steinunum mjög ánægð með sjálfa sig.

Hafið glampaði í sólskininu og öldurnar skullu ógnandi á ströndinni og í gegnum drunur þeirra hljómaði söngur háfleyga fuglsins í loftinu. Hamrarnir titruðu og bergmáluðu og himininn endurkvað bergmálið, hann þrumdi söng drambláta valsins á þessa leið:

„Vér syngjum lof hinu dýrðlega áræði hinna djörfu. Ofdirfska hinna djörfu er speki og vísdómur lífsins. Ó, hugrakki valur, í bardaga við óvin þinn hefr pér blætt til ólífis. En sá tími kemur að hver blóðropi þinn eins og eldneisti kveikir bál í húmi og hráslaga lífsins, bál, sem mun verma margt hugdjarf hjarta og vekja óstjórlnlega löngun eftir frelsi og sönnu lífi. — Vér syngjum lof hinu dýrðlega áræði hinna djörfu“.

Pögn ríkir yfir hinu bláleita yfirborði hafssins í fjarlægðinni. Það er hljóðfærasláttur í hinum samróma gjálpanda báranna í fjörunni. Eg ligg þegjandi, starandi út yfir auðn hafssins, sem hér og þar er skreytt kvíkandi silfurlitum tunglsskins flekkjum.

Það sýður í pottinum. Ein aldan laðist eins og í glettni upp undir þar sem Raghima liggur.

„Hvert ætlarðu? Fardu til baka“, segir hann, og gerir um leið næstum skipandi bindingu, og aldan fellur aftur til sævar.

Þetta einkennilega háttalag Raghima að ávarpa ölduna eins og hún skildi hann, virðist mér á þessu augnabliki hvorki óeðlilegt né heimskulegt. Mér virðist alt í kringum okkur svo kynlega lifandi, svo þýtt og laðandi. Hafið breiðist út fyrir framan okkur í sinni voldugu kyrð og við vitum að í þess salta andardrátti, er hann leikur um hin kyrru fjöll, býr ógurlegt dulið af. Letraður á hinn dökkbláa himin í gullnum stjörnurósum er alvarlegur og hátíðlegur friðarboðskapur, er sefar sálu manns og gerir huganum aðvart um komandi unað.

Prátt fyrir svefnhöfgahjúp sinn er náttúran alt í kringum okkur vakandi, og sú tilfinning liggur í loftinu, að hin straumlausa fljótandi kyrð endurvakni þá minst varir í samræmi ósegjanlega fagurra tóna.

Máske að þeir þýði huliðs mál og gátur lífsins, þýði þær fyrir huga vorum, sem þeir þá slökkva eins og blaktandi ljós. En sálina flytja þeir í hinum bláleita ljósvaka, þar sem hið glitrandi stjörnuletur fagnar henni með algjörðu samræmi fullkomins skilnings.

Pýtt af *Kristjáni Stefánssyni*.

## Veðrabrigði.

M O R G U N N .

Leið austan yfir landið  
litlagur vetrardagur,  
lýsti og loga glæsti  
land sunna og vatnið Grunna.  
Glitraðr brimgaðr hvísið,  
hjarnabundin öll var grundin,  
heiðríkt var himin hvölfid,  
hógvær að leik var blærinn.

K V Ó L D .

Hueig sunna af heiðu lofti,  
hóf skýja bólstrra nýja  
austrænan ömurlega,  
undurfljött dimma þótti.  
Gnaudæði fannafeykir,  
fjúkmökkur jök á rökkur,  
veinaði stord og stundi  
stórhríð góðviðri flýdi.

Skjót er oft skifting vedra,  
skínandi sólar dvinar  
sviplega og sortnar himinn,  
svellur hreggský og fellur.  
Svo fer oft sálu manna  
sál þegar dregst á tálar,  
svikhreggs í skaðum skúrunum  
skínandi vona dvinar.

Samt bak við blásvört skýin  
þrunar bjól ljóssins, sólin,  
og geista örnum spennir  
í geimnum marga heimia.

Eins bak við örvaentinga  
oft vonin leynist svona,  
og eftir norna næðing  
nýgræðing ljúfan fædir.

Maður, þó myrkt þér virðist  
mundu eftir sól, og grundu  
klæddri í gróðrargerfi,  
glitrandi björk, sem titrar  
snortin af suðra söngum,  
Syngjandi fugla þingi.  
Blikandi bárur, er spegla  
þrosrósir himinljósa.

*Kristján Stefánsson.*

## Áfram eða afturábak.

EFTIR

*Guðni Árnason.*

Um fátt er eins mikil rætt nú á dögum og framfarir verklegar og andlegar. Heiminum fleygir áfram með undra hraða á menningarbrautinni, nýjar uppgötvunar og endurbætur á hinnum eldri gera menn æ stórvirkari og hagvirkari, og hver getur að því getum leitt hversu langt menn fá komist í þeim efnunum, jafnvel í nánustu framtíð. Hinum andlegu framförum er ekki eins varið og hinum verklegu, þer verða ekki, að sáum undanteknum, til í einni svipan, og þer hafa ekki eins vísðtæka og gagngjörða breytingu í för með sér á högum manna. Að vísu má segja að allar framfarir séu andlegs eðlis, alt verður fyrst að eiga sér stað í huga mannsins áður en það kemur fram fyrir almennings sjónir í orðum eða verkum. En það, sem á milli skilur, er það, hvort hugsunin er notuð til að gera baráttuna íyrir lífstillverunni þægilegri og hægari, eða hún miðar til þess, að auðga og glæða sáarlíf manna.

Í ræsum og ritum er einatt mikið látið yfir framförum vor Vestur-Íslendinga, og vist er um það, að allmiklar framfarir eiga sér stað vor á meðal. En í hverju eru þær helzt innifaldar? Auðsjáanlega eru þær langflestir verklegs eðlis. Oss hefir sem þjóðflokki lánast vonum freinur að nota möguleikana hér til þess að bæta hin ytri lífskjör vor, og taka þitt í samkepninni við aðra í því efni. Vér höfum reynst rétt eins vel, og jafnvel betur en aðrir í því, se ná almennu málí er kallað að komast vel áfram. En við hvað er svo átt með því að komast vel áfram? Er með því átt við samhliða þroskun allra hæfileika mansins og þarfleidandi aukna möguleika til að taka þátt í sem flestum störfum mannfélagsins, og fylgjast með á mennigarbrautinni bæði í andlegum og verklegum skilningi?

Engum, sem hér er vel kunnugur, getur blandast hugur um að fæstir eiga viðslíkt þegar þeir tala um að komast áfram, menn leggja alment þrengri meiningu í orðið framför; fyrir þi þýðir það dugnað í verslunarsökum og lag á að græða fó. Fjáröflun út af fyrir sig er engin framför og lýsir engu háu menningarstigi. Það er fyrst gegar sýnt verður fram á, að þess sé aðlað með einhverjum þeim hæfileikum, sem í sjálfu sín hafa mentunar eða menningarlegt gildi, að hægt er að segja að það sé vottur um sanna framför. Mikil fjáröflun er oft tilviljun einni að þakka, eða hún getur verið aðleiðing hinna verri hvata mannsins, svo sem sviksemi og nírfilsháttar. Auðvitað er ærleg hagsýni til, en þeirri gáfu er mörgum hætt við að misbeita, þar sem tækifærin eru mörg fyrir hendi. Framförin hér hjá oss er að mestu leyti hagsmunaleg, og í sjálfu sér er ekki út á það að setja, heldur þvert á móti lofsvert, þegar það er aðleiðing dugnaðar og ráðdeildar. En ef vér eignum að geta talið oss með á hinni verulegu framfarabraut hins mentaða heims, þi me gum vér ekki verða eftirbátar annara í andlegum framförum.

Framh.

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimishyggingunni austan við Unitarákyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (532 Sargent Ave.) Winnipeg Man.—

Ritstjóri sín Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Preatari: Gisli Jónsson, Winnipeg Man.